

Dreifibréf til verslunareigenda og stjórnenda í matvöruverslunum

Reykjavík 17. janúar 2008
Tilvísun: 200801-0039/3.01.03

Vinna ungmenna í matvöruverslunum

Vinnueftirlitinu hafa að undanfögnu borist kvartanir forráðamanna ungmenna sem vinna í matvöruverslunum vegna brota á ákvæðum **reglugerðar um vinnu barna og unglinga nr. 426/1999**, einkum að því er varðar verksvið og vinnutíma þeirra. Að auki hefur á undanförunum vikum oft verið fjallað um þessi mál í fjölmiðlum.

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og fylgist m.a. með að ákvæðum reglugerðar um vinnu barna og unglinga sé framfylgt en reglugerð þessi tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri (sjá heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, Börn og Unglingar).

Á undangengum árum hefur Vinnueftirlitið ítrekað kynnt reglugerðarákvæði um vinnu barna og unglinga fyrir forsvarsmönnum matvöruverslana. M.a. var sent dreifibréf og plakat til um 250 matvöruverslana um land allt árið 2001. Eftirlitsmenn hafa einnig kynnt málið í eftirlitsferðum og sett fram fyrir máli um úrbætur þegar það hefur átt við. Í tilefni Evrópsku vinnuverndarvikunnar haustið 2006 áttu fulltrúar Vinnueftirlitsins fundi með yfirstjórnendum allra matvörukeðja þar sem ákvæði reglugerðarinnar voru kynnt ítarlega og upplýsingaefni dreift. Sérstök áhersla var lögð á að kynna hvaða störf ungmennin mættu vinna og ákvæði um vinnutíma. Var afstaða stjórnenda gagnvart málefningu almennt jákvæð.

Inntak reglugerðarinnar

Í reglugerðinni er lögð áhersla á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hættu búin og vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra og þroska. Þar er að finna ákvæði um hvers konar störf ungmenni mega vinna, áhættumat, leiðbeiningar og kennslu, vinnutíma, kvöld- og næturvinnu og hvíldartíma. Í viðaukum er nánar fjallað um hvaða störf þessir aldurshópar mega og mega ekki vinna, þó ekki sé um um tæmandi upptalningu að ræða.

Samkvæmt reglugerðinni er:

- **Ungmenni** – einstaklingur undir 18 ára aldri
- **Barn** – einstaklingur undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi
- **Unglingur** – einstaklingur sem er 15 –17 ára og er ekki lengur í skyldunámi

Kröfur Vinnueftirlitsins

Í ljósi framangreinds vill Vinnueftirlitið ítreka eftirfarandi kröfur til verslunareigenda og stjórnenda:

1. Vinna við afgreiðslukassa

Að verslunareigendur og stjórnendur ráði aðeins starfsmenn til starfa við afgreiðslukassa verslana sem hafa a.m.k. náð 15 ára aldri. Þeir starfi undir eftirliti fullorðins og beri ekki ábyrgð á uppgjöri kassa fyrr en við 18 ára aldur.

2. Þungar byrðar og líkamlegt álag

Að verslunareigendur og stjórnendur sjái til þess að ungmenni við störf í verslunum handleiki ekki þungar byrðar sem geta skaðað heilbrigði þeirra. Miða skal við að unglingar lyfti ekki þyngri byrði en 12 kg. Einnig að komið sé í veg fyrir ónauðsynlega líkamsáreynslu ungmenna, svo og rangar vinnustellingar eða hreyfingar.

3. Vinnutími

Að verslunareigendur og stjórnendur sjái til þess að ákvæði um vinnu- og hvíldartíma barna og unglinga séu haldin. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir almennar reglur um þetta:

Almennar reglur	Börn 13-14 ára	Börn 15 ára í skyldunámi	Unglingar 15-17 ára
Á starfstíma skóla	2 klst. á dag, 12 klst. á viku	2 klst. á dag, 12 klst. á viku	8 klst. á dag, 40 klst. á viku
Utan starfstíma skóla	7 klst. á dag, 35 klst. á viku	8 klst. á dag, 40 klst. á viku	8 klst. á dag, 40 klst. á viku
Vinna bönnuð	Kl. 20-06	Kl. 20-06	Kl. 22-06
Hvíld	14 klst. á sólarhring, 2 dagar í viku	14 klst. á sólarhring, 2 dagar í viku	12 klst. á sólarhring, 2 dagar í viku

4. Fræðsla og þjálfun

Að verslunareigendur og stjórnendur sjái til þess að ungmenni hljóti fullnægjandi leiðbeiningar og þjálfun í upphafi starfs þannig að tryggt sé að vinnan sé ekki hættuleg öryggi þeirra og heilsu. Ef gerðar hafa verið ráðstafanir til að tryggja heilbrigði og öryggi unglínganna verði þeir upplýstir um þær.

Eftirfylgni Vinnueftirlitsins

Vinnueftirlitið mun á næstunni fylgjast grannt með því að ákvæði reglugerðarinnar séu haldin. Verslun yðar getur því átt von á að störf og starfsskilyrði ungmenna verði könnuð á næstunni. Í ljósi þess að ákvæði reglugerðarinnar eiga að vera verslunareigendum og stjórnendum verslana kunn má búast við að Vinnueftirlitið í tilvikum þar sem ákvæði hennar eru brotin kæri málið til lögreglu.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlitsins

Þórunn Sveinsdóttir deildarstjóri

Björn Þ. Rögnvaldsson lögfræðingur

Afrit:

VR
Landssamband verslunarmanna
ASÍ
Kaupmannasamtökin
Samtök verslunar og þjónustu
SA – Samtök atvinnulífsins
Samtök heimili og skóla
Samfok
Umboðsmaður barna
Vinnuálastofnun

Aðsetur/Address:
Bíldshöfða 16
110 Reykjavík

Kt: 420181-0439
Sími/Telephone:
+ 354 550 4600

Bréfasími/Telefax:
+ 354 550 4610

Veffang/Homepage:
www.vinnueftirlit.is

Netfang/e-mail:
vinnueftirlit@ver.is

Aðsetur/Address:
Bíldshöfða 16
110 Reykjavík

Kt: 420181-0439
Sími/Telephone:
+ 354 550 4600

Bréfasími/Telefax:
+ 354 550 4610

Veffang/Homepage:
www.vinnueftirlit.is

Netfang/e-mail:
vinnueftirlit@ver.is